

Reykjavík, 4. desember 2018
R18060168
5800

Borgarráð

Samkomulag um áframhaldandi samstarf um bættar samgöngur í Vatnsmýri

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag milli Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands/Vísindagarðs, Háskólans í Reykjavík og Landspítala um áframhaldandi samstarf um bættar samgöngur í Vatnsmýrinni.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Áframhaldandi samstarf um bættar samgöngur í Vatnsmýrinni - samkomulag, dags. 26. nóvember 2018

Reykjavík, 26.11.2018

Áframhaldandi samstarf um bætta samgöngur í Vatnsmýrinni – samkomulag

Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands/Vísindagarðar, Háskólinn í Reykjavík og Landspítali

Haustið 2017 var settur á laggirnar samstarfshópur Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Landspítala um bætta samgöngur í Vatnsmýrinni. Verkefni hans var að skilgreina sameiginleg úrlausnarefni tengd samgöngum við þessa þrjá stóru vinnustaði í Vatnsmýrinni og koma með tillögum að úrbótum sem yrðu lagðar fyrir borgarstjóra, rektora HÍ, HR og forstjóra LSH.

Samstarfshópurinn setti vorið 2018 fram drög að tillögum sem snerta annars vegar samgönguinnviði í og við Vatnsmýri og hins vegar samgönguaðgerðir sem stuðla að breyttri ferðahegðun. Sjá nánar í meðfylgjandi skjali. Tillögurnar hafa í vor og sumar verið kynntar fyrir framkvæmdastjórn Landspítala, framkvæmdastjórn HR, háskólaráði HÍ, borgarráði og skipulags- og samgönguráði Reykjavíkurborgar. Eins voru tillögurnar kynntar á háskólaþingi Háskóla Íslands nú í október.

Í drögum að tillögum hópsins segir kemur m.a. fram að:

Með uppbyggingu á Vatnsmýrarsvæðinu á næstu árum fjölga þeim sem þar starfa og búa með tilheyrandi vexti í samgöngum. Ferðum fólks að/frá Vatnsmýri og innan hennar mun fjölga raikið. Samgönguyfirvöld (ríki, borg og aðliggjandi sveitarfélög) og lykilaðilar á Vatnsmýrarsvæðinu standa frammi fyrir þeirri sameiginlegu áskorun að mæta fyrirsjáanlegum vexti í samgöngum á skilvirkan, hagkvæman og vistvænan hátt. Vextinum þarf að mæta með uppbyggingu og stuðningi við fjölbreytta ferðamáta og gera þarf ráð fyrir að allir ferðamátar geti vaxið frá því sem nú er.

Vinna hópsins byggir meðal annars á markmiðum í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 um að stýra umferðarlagi með samræmdum aðgerðum og upplýsingamiðlun og samstarfi við stærstu vinnustaði.

Að mati hópsins hefur samstarfið verið mikilvægt og æskilegt að það haldi áfram. Ein af tillögum samstarfshópsins er því sú að hópurinn starfi áfram og fylgi tillögum sínum og framgangi samgöngumála eftir með yfirferð og fundum ársfjórðungslega eða oftar. Aðgerðum verði fylgt eftir með reglulegum mælingum og könnunum.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands/Vísindagarða, Háskólans í Reykjavík og Landspítala gera undirritaðir með sér samkomulag um áframhaldandi samstarf um bætta samgöngur í Vatnsmýrinni á grundvelli tillagna samstarfshóps sem vísað er til að ofan. Í samstarfinu verði lögð áhersla á greiningu á kostnaði og ávinningi af niðurgreiddum nema- og starfsmarkortum í almenningssamgöngum og tillögum um útfærslu þeirra. Einnig verði lögð áhersla á innleiðingu samflotsfyrirkomulags og greiningar á möguleikum fleytitíðar. Þessum verkefnum verði lokið á árinu 2019. Nemendur og starfsfólk komi að vinnunni með það að markmiði að nýta nýsköpun, tæknilausnir og upplýsingamiðlun sem verkfæri í að bæta samgöngur og stuðla að fjölbreyttum ferðamátum.

Hver aðili fyrir sig skipar fulltrúa í samstarfshóp sem fær það verkefni að vinna áfram að og fylgja eftir framkomnum tillögum, formgera þær eftir því sem verkefnin þróast og leggja fyrir aðila samkomulagsins.

Ari Kristinn Jónsson,
rektor Háskólans í Reykjavík

Íón Atli Benediktsson,
rektor Háskóla Íslands

Dagur B. Eggertsson,
borgarstjóri Reykjavíkur

Páll Matthíasson,
forstjóri Landspítalans